

um heimild handa ríkisstjórninni til að kaupa eyðijörðina Grjótlæk í Stokkseyrarhreppi.

Flm.: Ágúst Þorvaldsson.

1. gr.

Ríkisstjórninni er heimilt að kaupa eyðijörðina Grjótlæk í Stokkseyrarhreppi og skipta landi hennar milli ríkisjarðanna Eystri- og Vestari-Grundar í sama hreppi.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Jarðirnar Eystri- og Vestari-Grund eru báðar mjög landlitlar, og getur búskapur tæplega þrífist á jörðum þessum vegna landþrengsla. Eini möguleikinn til að auka landrýmið er sá, að ríkið, sem er eigandi Grundanna, eignist eyðibýlið Grjótlæk, en lönd Grunda og Grjótlækjar liggja saman, og væri því hægt um hönd að skipta Grjótlæknum upp milli þeirra. Við slíka sameiningu mundi aðstaða til búskapar hjá Grundabændum batna verulega.

Ef Grundirnar fengju þannig aukið landrými, væri tryggt, að þær héldust áfram í byggð, en það verður að teljast hagkvæmara fyrir ríkissjóð, að jarðeignir hans séu nytjaðar og jarðarleiga greidd, heldur en að hafa þær í eyði og verða þó eigi að síður að standa straum af ýmsum óhjákvæmilegum gjöldum, sem af jörðum þarf að greiða til sveitarfélaga þeirra, sem þær eru í.

Frumvarp þetta er flutt að ósk bændanna á báðum Grundabæjum, og segjast þeir ekki sjá fram á að geta haldið búum sínum, hvað þá að geta stækkað þau, ef þeir missi aðstöðu til beitar fyrir búfé sitt á Grjótlækjarlandi, en undanfarin ár hefur eigandi Grjótlækjar leyft þeim beitarafnot þar.

Fyrir nokkru sendu bændurnir beiðni til jarðeignadeildar ríkisins ásamt meðmælum oddvita og hreppstjóra um, að ríkið keypti beitarland handa þeim frá Grjótlæknum. Fól þá hlutaðeigandi ráðuneyti Pálma Einarssyni landnámsstjóra að skoða Grjótlækinn, og er álitserð hans um þetta mál prentuð hér með.

Fylgiskjal.

LANDNÁMSSTJÓRI

Reykjavík, 9. okt. 1956.

Jarðeignadeild ríkisins, Ingólfsstræti 5, Reykjavík.

Samkvæmt beiðni hins háa ráðuneytis hef ég hinn 6. þ. m. skoðað jörðina Grjótlæk í Stokkseyrarhreppi, en jörð þessi, sem nú er í eyði, er aðliggjandi Stokkseyrartorfunni, sem er ríkiseign. Næstar henni að vestan liggja tvær ríkisjarðir, Eystri- og Vestari-Grund. Báðar þessar jarðir búa við landþrengsli mikil. Árið 1948 reyndi ráðuneytið að bæta úr því með því að láta þær hafa engjastykki af landi Stokkseyrartorfunnar, en báðar jarðirnar skortir tilf innanlega beitiland og aukna ræktunaraðstöðu.

Það er álit mitt, þar sem jarðir þessar eru allvel hýstar, en búendur þeirra hafa þörf fyrir að auka bú sín, að nauðsynlegt sé, að ábúendur þeirra fái aukin landumráð. Lægi það vel við, ef eyðibýlið Grjótlækur fengist keypt, að sameina það þessum jörðum, sem þá mætti telja örugg ábyli til frambúðar.

Jörðin Grjótlækur er að stærð 38 hektarar. Af því eru engjar 9.6 ha, tún 6.0 ha, annað land 22.4 ha, þ. e. beitiland og ræktanlegt land. Aðstaða til garðræktar er góð á jörðinni, og mætti hafa þar allmikla kartöflurækt. Túnið 6 ha er sá hluti túnsins, sem enn er í góðri rækt, en þess utan er slétt land innan túngirðingar, sem aðeins þarf góðan áburð á til þess að komast í rækt. Aðstaða er til ræktunar ofan túns í heiðalandinu, en samfellt fæst ekki meira en 3—4 ha. Möguleikar til túnauka eru þeir samtals, að hægt væri að fá heyfóður með góðri hirðingu landsins sem svaraði 10—12 kýrfóðrum, hins vegar er beitiland á jörðinni fyrir 20—25 nautgripi.

Hús eru gömul á jörðinni og vart hæf til annars en niðurrifs. Nothæft járn og víður er í byggingunum.

Ég tel, að jörðin í því ástandi, sem hún er, væri kaupandi fyrir allt að kr. 68000.00, og er þá lagt til grundvallar, að ræktað land og girðingar séu kr. 45000.00, engjar kr. 19000.00 og beitiland kr. 4000.00. Hús jarðar mundu gera lítið meira en að borga kostnað við niðurrif. Ég álit, að mjög hagstætt væri að leysa landþörf Grundabænda með því að sameina jörð þessa jörðum þeirra.

Virðingarfyllst,

Pálmi Einarsson.